

Ársskýrsla

2018 - 2019

6. apríl 2019

20. Skautaping
Skautasambands Íslands



Efnisyfirlit

Ávarp formanns	3
Stjórn ÍSS	4
Dagskrá 20. Skautapings ÍSS	5
Fjöldi þingfulltrúa á 20. Skautapingi ÍSS	6
Aðildarfélög ÍSS 2018	7
2018 – 2019	8
<i>Í máli og myndum</i>	<i>8</i>
Afrekaskrá	31
Heiðursverðlaun ÍSS	35
Tölfræði	36
Ársreikningur 2018	37
<i>Skýrsla og áritun stjórnar</i>	<i>37</i>
Rekstrarreikningur 2018	38
Efnahagsreikningur	39
Skýringar	40

Ávarp formanns

Guðbjört Erlendsdóttir



Ágætu þingfulltrúar
Velkomin á 20. ársþing Skautasambands Íslands

Skautasambandið fagnar nú þeim áfanga að halda ársþing í 20. sinn og af því tilefni hefur verið ákveðið að hafa umgjörð þingsins með umfangsmeira sniði en áður en þingið er nú haldið á Borgarnesi ásamt málstofu sem lýkur með hátíðarkvöldverði í góðra vina hópi.

Síðustu ár hefur krafa innan samfélagsins aukist um hröð og örugg viðbrögð gagnvart kynferðislegu ofbeldi og áreiti. Hefur það sérstaklega birst í #metoo umræðunni. Íþróttasamfélagið hefur ekki orðið varhluta af þessum kröfum og er nú svo komið að Menntamálaráðuneytið og íþróttahreyfingin mynduðu starfshóp til að samræma og betrumbæta utanumhald um brot tengd kynferðislegu ofbeldi og áreiti. Afrakstur þeirrar vinnu er nú kominn í stjórnarfrumvarp hjá Alþingi en lagt var fram frumvarp í febrúar sl. um lög um samskiparáðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs og hefur lokið þar 1. umræðu.

En ofbeldi hefur margar birtingarmyndir og engin þeirra á heima innan íþróttar, hvar sem drepið er niður fæti. Skautaiþróttin hefur um áratugalangt skeið starfað samkvæmt siðareglum sem gefa skýrar leiðbeiningar um hvað telst vera ásættanleg hegðun og hvað ekki. Því er ekki hægt að leggja næga áherslu á ábyrgð þeirra sem að íþróttinni koma viti í hverju þessar siðareglur felast og fari eftir þeim í sínum samskiptum. Lykillinn að árangursríku starfi er virðing og meðvituð samskipti.

Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka samstarfsfólki og félögum kærlega fyrir samstarfið á starfsárinu sem er að líða. Er það einlæg ósk mín að við höldum áfram því góða starfi sem hefur verið við haldið undanfarin ár.

Guðbjört Erlendsdóttir

Formaður ÍSS

Stjórn ÍSS



Formaður

**Guðbjört
Erlendsdóttir**



Varaformaður

**Svava Hróðný
Jónsdóttir**



Gjaldkeri

Jóna Jónsdóttir



Ritari

Heba Finnsdóttir



Meðstjórnandi /
Varamaður

Oksana Shalabai



Varamaður

**Guðrún Björg
Elíasdóttir**



Framkvæmdastjóri

María Fortescue

Dagskrá 20. Skautapings ÍSS

6. apríl 2019

08:00	Formaður og Framkvæmdastjóri funda með formönnum og varaformönnum aðilarfélaga <ul style="list-style-type: none">• Skipulag næsta keppnistímabils og verkefni framundan• Áherslur stjórnar fyrir næsta tímabil kynntar
09:00	Málstofa um Siðareglur ÍSS og birtingarmyndir ofbeldis innan íþróttarinnar
11:00	Setning 20. Skautapings ÍSS
13:00	Hádegisverður í boði ÍSS
17:00	Áætluð þingslit <ul style="list-style-type: none">• B59 býður upp á drykk að þingsköpum loknum
18:30	Hátíðarkvöldverður í tilefni af 20. Skautapingi ÍSS

Fjöldi þingfulltrúa á 20. Skautaþingi ÍSS

Félag	Félagar	Þingfulltrúar
Skautafélag Akureyrar	74	3
Skautafélag Reykjavíkur	306	8
Skautadeild Íþróttafélagsins Ösp	21	2
Ungmennafélagið Fjölnir	205	6

Aðildarfélög ÍSS 2018



Skautafélag Reykjavíkur
Listskautadeild
www.skautafelag.is/list/
Félagið stofnað: 7. janúar 1893
Formaður: Elín Gautadóttir



Ungmennafélagið Fjölnir
Listskautadeild
www.fjolnir.is/listskautar/
Félagið stofnað: 22. nóvember 1990
Formaður: Kristel Björk Þórsidóttir



Skautafélag Akureyrar
Listskautadeild
www.sasport.is/listhlaup
Félagið stofnað: 1. janúar 1937
Formaður: Vilborg Þórarinsdóttir



Íþróttafélagið Ösp
Listskautadeild
www.ospin.is/listhlaup
Félagið stofnað: 2011 (listskautadeild)
Formaður: Helga Hákonardóttir

2018 – 2019

Í máli og myndum

Upphaf starfstíma

Fyrstu verkefni stjórnar voru:

- Skipta með sér verkum
- Skipun í nefndir ÍSS
- Námskeið sem haldið var í maí 2018

Í júní 2018 héldu formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri til Sevilla á Spáni þar sem þing Alþjóða skautasambandsins (ISU) fór fram. Á þinginu fóru fram kosningar í nefndir ásamt því að töluvert af reglu- og lagabreytingum voru gerðar. Ber þar helst að nefna að breyting á IJS dómarkerfinu var samþykkt, svokölluð +5/-5 reglubreyting sem að stækkar skalann sem notaður er við dómgæslu tækniæfinga.

Markmið stjórnar

Í upphafi setti stjórnin sér markmið:

- Hafa aukið gagnsæi í vinnubrögðum stjórnar og nefnda
- Efla afreksstefnu sambandsins ásamt því að halda betur utan um afrekshóp og afreksefni. Vinna náið með hópnum og fagteymi sambandsins og auka við þjónustu við hópinn á öllum sviðum.
- Koma verkefnum og vinnu innan sambandsins í betri verkferla og virkja nefndir í sinni vinnu og auka sjálfstæði þeirra.
- Vinna að eflingu íþróttarinnar og sýnileika bæði innanlands og á erlendri grundu.

Stefnunni hefur verið fylgt vel eftir á tímabilinu og er vinna sambandsins komin í gott skipulag og verkefnum er dreift á nefndir og starfsmenn. Má sérstaklega nefna vinnu mótanefndar sem hefur staðið að umgjörð, skipulagi og eftirfylgni móta síðasta tímabilið. Mikil vinna hefur farið fram innan nefndarinnar sem skilar sér í skilvirkari framkvæmd móta sambandsins ásamt góðri yfirsýn félagsmóta.



Afreksmál

Mikil vinna hefur verið unnin í því að móta Afreksstefnu ÍSS. Afreksstefnan þarf að fylgja ákveðnum viðmiðum frá ÍSÍ og Afrekssjóði ÍSÍ sem unnin var í samráði við sérsamböndin árið 2016 og gefin út í skýrslu vinnuhóps 2017. Er þar í mörg horn að líta. Vinnan að afreksmálum hefur skilað sér í aukinni styrkveitingu frá ÍSÍ bæði fyrir árið 2017 sem og árið 2018. Áframhaldandi vinna skilar sér vonandi í sambærilegri upphæð fyrir næstu ár en sem stendur er sambandið skilgreint sem C samband eða þróunarsamband.

Eitt af skilyrðum Afrekssjóðs ÍSÍ hefur verið að setja upp fagteymi fyrir afreksmál. Sólveig Dröfn Andrésdóttir hefur unnið sem sjúkraþjálfari fyrir sambandið og hefur þá sinnt skoðun og viðtölum við Afreksefni ÍSS. Þar til nú eru engir aðrir fastráðnir starfsmenn í teyminu en leitað hefur verið til sálfræðinga og næringarfræðinga til þess að sinna fræðslu. Stefnt er að því að vinna áfram með fagteymið á komandi tímabili og efla fræðslu og utanumhald afrekshóps sambandsins.



Afrekssjóður ÍSS var kynntur í upphafi keppnistímabilsins. Í sjóðinn fara 60% afreksstyrks frá ÍSÍ ásamt sérmerktum styrkjum frá ISU. Fáir ÍSS aukna styrki sem sérmerktir eru afrekssjóði renna þeir óskertir í sjóðinn. Auk þess mun stjórn hafa það að markmiði að safna styrkjum til afreksmála og mun hluti af þeim renna til sjóðsins sem og til almennrar uppbyggingar afreksmála eftir því sem tilefni gefur til. Greiðslur úr Afrekssjóði ÍSS eru ætlaðar afreksíþróttafólki sambandsins, til að koma til móts við beinan kostnað vegna keppnisþátttöku á erlendri grundu. Keppendur sem náð hafa viðmiðum ÍSS í afreksefni eða afrekshóp geta sótt um styrk úr sjóðnum. Úthlutað verður árlega úr sjóðnum í lok hvers keppnistímabils.



Í ágúst 2018 voru haldnar æfingabúðir fyrir afreksefni og afrekshóp ÍSS. Skautarar sem voru með keppnisrétt í flokkum Advanced Novice, Junior og Senior var boðin þátttaka. Þeir skautarar sem höfðu náð viðmiðum í hóp afreksefna eða afrekshóp gátu tekið þátt sér að kostnaðarlausu. Aðrir keppendur í þessum flokkum, hópur í svokallaðri hæfileikamótun, gátu tekið þátt gegn lágmarksgjaldi.

Dagskrá æfingabúðanna var hin glæsilegasta og var mikill metnaður lagður í að gera efni, kennslu og fræðslu sem best svo það myndi koma hópnum að góðum notum. Þjálfarar skautaranna tóku einnig þátt í æfingabúðunum.



Við fengum til liðs við okkur hóp af fólki. Þjálfarar voru Bruno Marcotte og Meagan Duhamel. Meagan keppti meðal annars á Ólympíuleikunum 2018 og kom með verðlaunagripi sína og sýndi hópnum. Einnig komu að dagskránni Ástvaldur Heiðarsson, sjálffræðingur, Auður Gunnarsdóttir, danskennari, Ingveldur Ýr Jónsdóttir, sá um tónfræðslu, Kelly Cruickshank, TS, sá um fyrirlestur og fór yfir level á æfingum prógramma ásamt Höllu Björg Sigurpórsdóttur, alþjóðadómara, en hún sá um fræðslu um nýjungar í dómakerfinu. Áætlað var að Elísabet Margeirsdóttir yrði með næringarfræðslu, en dagskrá hliðraðist til sem varð til þess að hætta þurfti við. Við vonumst til þess að hún fái að vinna með hópnum sem fyrst. Æfingabúðirnar gengu vel og voru aðstandendur og þátttakendur ánægðir.

Æfingabúðir munu hér eftir vera haldnar fyrir þennan sama hóp að lágmarki einu sinni á ári, en stefnt er að því að brjóta þær niður og dreifa þeim yfir tímabilið.



Með góðu sambandi stjórnar og starfsmanna ÍSS við afreksefni, þjálfara þeirra, félög og foreldra/aðstandendur er hægt að efla afrekshópinn enn frekar og vinna að uppbyggingu hópsins.

Menntun

ÍSS hefur á tímabilinu unnið að eflingu og menntun starfsfólks.

Hópur þjálfara var skráður í þróunarverkefni á vegum finnska skautasambandsins og Alþjóða skautasambandsins (ISU). Þróunarverkefnið fer fram yfir fjögurra ára tímabil og inniheldur viku löng námskeið á hverju vori. Námskeiðin fara fram í Vierumäki í Finnlandi. Fyrsta námskeiðið fór fram í maí 2018.



Þangað fóru fjórir þjálfarar, Guillaume Kermen, Nadia Margrét Jamchi, Kristín Ómarsdóttir og George Kenchadze. Með þeim fóru þrjú skautarar, þær Viktoría Lind Björnsdóttir, Marta María Jóhannsdóttir og Herdís Heiða Jing Guðjohnsen. Næsta námskeið fer fram í maí 2019. Vegna breytinga í þjálfaramálum á Íslandi datt einn þjálfarinn út en fengum við að skrá Völu Rún Magnúsdóttur í hans stað.

Það er mjög jákvætt fyrir þróun skautaíþróttarinnar á Íslandi að geta sent þjálfara á okkar vegum til menntunar á afreksstigi. Að byggja góðan grunn fyrir framtíðina er mjög mikilvægt og er það okkar von að menntun og reynsla þátttakenda í verkefninu muni skila sér í frekari eflingu þjálfara hérlendis.

Unnið hefur verið markvisst að því að efla þekkingu á störfum ÍSS, sem og verkefnum sem heyrja þar undir. Í þessu verkefni hafa vinnustofur verið haldnar þar sem að sérfræðingar kynna verkefnið fyrir skauturum, þjálfurum, starfsfólki félaga og foreldrum/aðstandendum.



Má þar nefna:

Grunnprófsvinnustof, haldin af Maríu Fortescue, Guðbjörgu Guttormsdóttur og Völu Rún Magnúsdóttur. Kynning á viðmiðum ÍSS, haldin af Helgu Olsen, formanni Afreksnefndar. Kynningarfundur fyrir mótstjóra félaganna, haldinn af Þóru Gunnarsdóttur. Næstu verkefni á dagskrá eru m.a. kynning á Skautum Regnbogann og námskeið fyrir mótstjóra næsta tímabils.

Efling og menntun dómara og tæknifólks frá Íslandi hefur verið í stöðugri vinnu. Það er styrkleikamerki fyrir landið okkar að geta sent starfsfólk með keppendum á stærstu mótin sem okkar keppendur taka þátt á. Reynsla starfsfólksins hefur mikið að segja varðandi áframhaldandi menntun þeirra.



Dómaranámskeið sem haldin voru síðasta árið:

- Program Components námskeið, 4. – 6. maí 2018
Leiðbeinandi var Paolo Pizzocari
Skautarar úr hópi afreksefna fengu tækifæri til þess að sitja hluta námskeiðsins
- Dómaranámskeið, 10. – 12. ágúst 2018
Leiðbeinendur voru Halla Björg Sigurpórsdóttir og María Fortescue
- Tæknisérfræðinga námskeið (TS), 10. – 12. ágúst 2018
Leiðbeinandi var Kelly Cruickshank

Næstu námskeið eru áætluð í ágúst 2019.

Unnið hefur verið náið með erlendum landsamböndum til þess að manna dómara- og tæknipanel á mótum tímabilsins. Á móti hefur íslenskum dómurum og tæknifólki verið boðið að starfa á hinum ýmsu mótum erlendis og er það gríðarlega mikilvægt fyrir reynslu og ekki síður tengslamyndun.



Störf dómara og tæknifólks á tímabilinu:

- Ásdís Rós Clark, alþjóðlegur tæknisérfræðingur (TS) fór á RIG í Reykjavík og Norðurlandamótið í Linköping í Svíþjóð
- Guðbjörg Guttormsdóttir, tæknisérfræðingur (TS) með landsréttindi, var boðið að starfa á Norgescup í Bærum í Noregi. Frábært tækifæri til þess að öðlast meiri og fjölbreyttari reynslu.
- Halla Björg Sigurbórsdóttir, alþjóðlegur dómari, fór á Junior Grand Prix í Kaunas. Litháen, Skate Southern í London í september, Golden Bear í Zagreb, Greek Cup í Aþenu og Skate Southern í London í apríl.
- María Fortescue, alþjóðlegur dómari, fór á Lee Vallye Open, Junior Grand Prix í Bratislava, Slóvakíu, Autumn Classic International í Kanada, sem er Challenger Series mót, Norges Cup, RIG í Reykjavík, Norðurlandamótið í Linköping í Svíþjóð og European Youth Olympic Festival í Sarajevó, Bosníu Hersegóvínu.
- Sunna Björk Mogensen, ISU DRO, fór á vegum ISU á Skate Canada í Laval, á RIG í Reykjavík og Norðurlandamótið í Linköping í Svíþjóð.

Sýnileiki

Líkt og á fyrra tímabili hefur mikið verið unnið að kynningu á íþróttinni innanlands síðasta árið. Þetta hefur verið gert með því að:

- Efla fjölmiðlatilkynningar og eftirfylgni með þeim
- Auka beinar útsendingar frá mótum (Live Stream)
- Efla vefsíðu ÍSS, www.iceskate.is
- Bæta sýnileika og aðgengi að samfélagsmiðlum ÍSS t.a.m á Facebook, Instagram, Twitter og Snapchat.

Aukinn sýnileiki á alþjóðavettvangi er ekki síður mikilvægur og hefur þátttaka í verkefnum, mótum, námskeiðum og ráðstefnum erlendis hjálpað til að því leiti. Sem dæmi má nefna:

- ISU Olympic Development Project í Finnlandi í maí 2018
- ISU ráðstefna í Sevilla í júní 2018
- ISU námskeið í Frankfurt í júlí 2018
- Þátttaka á Autumn Classic International í september 2018
Júlía Grétarsdóttir og Eva Dögg Sæmundsdóttir voru fyrstar íslenskra keppenda til þess að taka þátt á ISU Challenger series
- Þátttaka á International Children's Games í Lake Placid í janúar 2019
- Þátttaka á Ólympíuhátíð Evrópsku æskunnar (e. European Youth Olympic Festival (EYOF)) í febrúar 2019
- Þátttaka á Háskólaleikunum (e. Universiade) í Krasnoyarsk í Rússlandi
Eva Dögg Sæmundsdóttir var fyrsti fulltrúi Íslands á þessum leikum.

Efling sýnileika, bæði innanlands og erlendis, er mikilvægt fyrir ÍSS. Nálgun við styrktaraðila er auðveldari og höfum við síðasta árið verið með stóran og góðan samning við City Park Hotel, ásamt fleiri minni styrktaraðilum.



Árangur íslenskra skautara

Árangur íslenskra skautara hefur verið mjög góður síðasta árið og hafa þó nokkur met fallið.



Á Junior Grand Prix sló Viktoría Lind Björnsdóttir íslenskt stigamet og raut 100 stiga múrin, fyrst Íslendinga á mótariðinni. Eins og áður sagði voru Eva Dögg Sæmundsdóttir og Júlía Grétarsdóttir fyrstar íslenskra skautara til þess að taka þátt á ISU Challenger Series með þátttöku sinni á Autumn Classic International. Þær eru nú komnar á heimslista íþróttarinnar í Senior flokki, fyrstar íslenskra skautara.

Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir hlaut gullverðlaun á Tirnivaría Cup í nóvember 2018, þetta eru önnur gullverðlaun hennar á alþjóðlegu mótum á lista ISU.

Íslandsmet voru slegin í öllum flokkum.

Aldís Kara Bergsdóttir fékk hæstu stig íslenskra skautara, 103.52 í heildarstig, á Norðurlandamótum.





Íslandsmet voru slegin í öllum flokkum.

Margrét Sól Torfadóttir setti Íslandsmet á Íslandsmeistaramótinu 2018 í Senior bæði fyrir frjálst prógram, með 68.71 stig, og í heildarstigum, með 102.25 stig. Fyrra met átti Júlía Grétarsdóttir frá árinu 2015.

Aldís Kara Bergsdóttir setti Íslandsmet á Reykjavíkurlaikum 2019 í junior bæði fyrir frjáls prógram, með 72.12 stig, og í heildarstigum, með 108.45 stig. Fyrri met áttu Emilía Rós Ómarsdóttir frá árinu 2015 fyrir frjálst prógram og Kristín Valdís Örnólfsdóttir frá árinu 2018 fyrir heildarstig. Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir setti Íslandsmet á Íslandsmeistaramóti 2018 bæði fyrir stutt prógram, með 41.52 stig, og í heildarstigum með 106.07 stig. Fyrri met átti hún sjálf frá árinu 2017.

Í fyrsta sinn fóru þrír skautarar yfir 100 stiga múrinn á sama íslenska mótinu, en það voru þær Margrét Sól Torfadóttir, Aldís Kara Bergsdóttir og Marta María Jóhannsdóttir á Íslandsmeistaramóti 2018.



Eins og sjá má voru met slegin á ótal vígstöðum auk þess sem ný skref voru tekin á alþjóðlegum vettvangi sem eru fyrstu skrefin í átt að enn frekari árangri. Því má með sanni segja að árið 2018 hafi verið sannkallað uppskeruár innan listskautanna og einstaklega öflugt hjá íslenskum skauturum bæði á innlendum sem og erlendum vettvangi. Íslenskir skautarar eru að auka vegferð íþróttagreinarinnar til frekari árangurs og verður gaman að sjá hvað nýtt ár ber í skauti sér.

Mótahald

Undirbúningur og framkvæmd ÍSS móta hefur síðastliðið tímabili verið meira og minna í höndum Mótanefndar ÍSS. Mikil vinna hefur farið fram innan nefndarinnar og eiga meðlimir hennar hrós skilið fyrir góða, gagnsæja og skilvirka vinnu.

Fyrir upphaf tímabilsins var gefin út uppfærð mótahandbók sem er mun ítarlegri en áður var. Þar eiga mótshaldarar að finna allar þær upplýsingar sem þurfa þykir við mótahald. Stanslaus vinna hefur verið við uppfærslu og betrubætingu handbókarinnar og mun uppfærð útgáfa vera gefin út fyrir upphaf næsta tímabils.

Það er von stjórnar að með betri ferlum innan ÍSS, stjórnar og nefnda getum við verið viss um að allt útgefið efni sé rétt og uppfært og ekki komi upp misræmi á milli gagna. Vinna hefur verið hafin að yfirferð allra útgefna skjala sem koma á í veg fyrir það.

Líkt og gefið var út fyrir byrjun tímabilsins í Mótahandbók ÍSS hefur sú breyting átt sér stað að úrslit í flokkum Chicks og Cubs verða með því sniði að allir keppendur á aldrinum 10 ára og yngri fá þátttökuviðurkenningu þegar keppt er og ekki eru gefin upp fyrstu þrjú sætin. Þess í stað mun þjálfurum félaga verða sendar niðurstöður (protocol) iðkendanna, sem um ræðir, þjálfurunum til aðstoðar við frekari uppbyggingu á tæknilegri færni hvers skautara. Með þessu móti munu þjálfarar enn geta metið stöðu iðkenda og byggt þá upp eins og verið hefur fram til þessa.

Ástæða fyrir þessari ákvörðun ÍSS er tvíþætt. Annars vegar eru það fyrirmæli og stefna Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) sem vísar skýrt til þess að draga skuli úr mikilvægi úrslita fyrir yngri aldurshópa en leggja þeim mun meiri áherslu á þjálfun í tæknilegri færni og almenna háttvísi og íþróttamannlega framkomu. Hins vegar eru það ný persónuverndarlög sem setur íþróttafélögum og – samtökum mjög þröngar skorður um hvaða gögn sé leyfilegt að opinbera.

Önnur breyting var gerð á mótahaldi ÍSS þetta tímabilið. En í stað opinberra æfinga (e. Official Practices) var ákveðið að hafa opnar æfingar fyrir alla keppendur. Fyrir utan Íslandsmeistaramót þar sem opinberar æfingar voru haldnar auk opinna æfinga fyrir keppnisflokka á Íslandsmóti. Opnar æfingar eru, sem fyrr segir, opnar öllum keppendum á hverju móti fyrir sig. Hver æfing er 30 mínútur og er æfingatímum skipt niður í viðeigandi stóra hópa eftir getu- og aldurstigi. Gáfust þessar æfingar vel og voru vel nýttar. Mun sama verklag vera haft á næsta tímabili.



ÍSS hefur, eins og undanfarin ár, haldið fimm mót á keppnistímabilinu.
Haustmót
Bikarmót
Íslandsmót
Reykjavíkurlaikarnir (RIG)
Vormót (mótið fer fram 26. – 28. apríl nk.)



Bikarmeistarar 2018

Advanced Novice: Rebekka Rós Ómarsdóttir

Junior: Aldís Kara Bergsdóttir

Senior: Margrét Sól Torfadóttir

Íslandsmeistarar 2018

Advanced Novice: Ísold Fönn Vilhjálmssdóttir

Junior: Marta María Jóhannsdóttir

Senior: Margrét Sól Torfadóttir

Næsta tímabil er fyrsta tímabilið þar sem að mót eru fest í stað innan félaganna. Hvert félag á því sitt mót á hverju ári og er það von ÍSS að það muni hafa í för með sér að hefðir skapist innan félaganna í tengslum við mótin og að hvert félag geti sett sinn svip á mótið sitt.

Íslandsmót/Íslandsmeistaramót mun skiptast árlega á milli félaganna, eins og verið hefur. Mótið í nóvember 2018 fór fram með góðu móti og var mjög fagmannlega að því staðið. Umgjörðin var hin glæsilegasta og fór verðlaunaafhendingin sérstaklega vel fram. Að þessu sinni var notað tækifærið og fullveldi Íslands minnst á afmælisári þess. Er það von ÍSS að þetta mót verði með sambærilegu sniði næstu árin og skapi sér sess innan íþróttarinnar.

Bikar- og Íslandsmeistarar eru krýndir árlega í Senior, Junior og Advanced Novice.





RIG 2019

Mótanefnd ÍSS ásamt stjórn sá um skipulagningu á Reykjavíkurlaikunum 2019. Viðburðarstjórar voru María Fortescue og Svava Hróðný Jónsdóttir, mótstjóri var Þóra Gunnarsdóttir. Mótið var á lista ISU yfir alþjóðleg mót.

Góð þátttaka var á mótinu og voru keppendur, þjálfarar og aðstandendur í heild mjög ánægðir með framkvæmd mótsins. Mótið fór vel fram og áttu þátttakendur góðar stundir á skemmtilegu, sterku og spennandi móti.

Sérstaklega má nefna stóran og góðan hóp sjálfboðaliða á mótinu. Að þessu sinni var ákveðið að gefa heppnum sjálfboðaliðum gjafakörfu sem þakklætisvott fyrir óeigingjarnt starf og var einn aðili dreginn út úr hópi sjálfboðaliða á hverjum keppnisdegi. Þetta framtak gafst vel og sýndi sjálfboðaliðum hversu mikið við metum starf þeirra á mótum sem þessum, sem og öðrum mótum yfir tímabilið.





Norðurlandamót 2019

Norðurlandamótið var að þessu sinni haldið í Linköping í Svíþjóð dagana 6. – 10. febrúar sl.

ÍSS sendi níu keppendur til þátttöku á Norðurlandamótið.

Keppendur í Advanced Novice:

- Herdís Heiða Jing Guðjohnsen, 17. sæti
- Júlía Rós Viðarsdóttir, 16. sæti
- Júlía Sylvía Gunnarsdóttir, 18. sæti
- Rebekka Rós Ómarsdóttir, 20. sæti

Keppendur í Junior Ladies:

- Aldís Kara Bergsdóttir, 12. sæti
- Ásdís Arna Fen Bergsveindóttir, 17. sæti
- Herdís Birna Hjaltalín, 18. sæti
- Helga Karen Pedersen, 19. sæti

Keppandi í Senior Ladies:

- Eva Dögg Sæmundsdóttir, 15. sæti

Með þeim í för voru tveir þjálfarar, Gennady Kaskov og Guillaume Kermen, ásamt Sólveigu Dröfn Andrésdóttur fararstjóra. Einnig fóru Ásdís Rós Clark, tæknisérfræðingur (TS), María Fortescue, dómari, og Sunna Björk Mogensen, DRO, með hópnum til Svíþjóðar.

Íslensku keppendurnir stóðu sig vel á mótinu. Ber þá helst að nefna að Aldís Kara Bergsdóttir fékk hæstu stig íslensks skautara í Junior á Norðurlandamóti. Íslenska liðið hélt því heim reynslunni ríkari. Aðstæður í Linköping voru til fyrirmyndar og samheldni íslenska hópsins gerði skemmtilegan viðburð að frábærum minningum fyrir alla þátttakendur.



Á hverju ári, þegar Norðurlandamót fer fram, hittast fulltrúar allra landa sem standa að Norðurlandamóti. Á þessum fundi er farið yfir framkvæmd mótanna og reglur um Norðurlandamót. Segja má að þetta sé eins konar Norðurlandamótáþing en á ensku kallast hann „Nordic Meeting“

Á síðasta Norðurlandamóti, sem fram fór í Linköping í Svíþjóð, fór síðasti fundur fram. Þar var farið yfir helstu reglur og þær lagfærðar ef þess þótti þurfa.

Ein stór breyting var gerð í þetta skiptið, en það var reglan um keppni í Junior (Unglingaflokk).

Hingað til hafa eingöngu Norðurlöndin haft keppnisrétt í þessum flokki, lík og í Advanced Novice flokkum. En núna var ákveðið að opna flokkinn. Sem þýðir að öll landssambönd sem eru aðili að Alþjóða skautasambandinu (ISU) hafa leyfi til þess að skrá keppendur á mótið. Við þessa breytingu munu stigin sem keppendur fá í þessum flokki gilda til þátttöku á Heimsmeistaramóti Unglinga (Junior Worlds) og inn á heimslista ISU.

Þetta hefur verið leyft í Senior (Fullorðinsflokk) og gefist vel. Sem dæmi má nefna þátttöku Carolina Kostner og Elizaveta Tuktamysheva á Norðurlandamótinu sem haldið var í Íslandi árið 2017.

Samhliða þessari ákvörðun var ákveðið að Norðurlandamót skal alltaf haldið að lágmarki 21 degi fyrir Heimsmeistaramót Unglinga (Junior Worlds) ár hvert, sem er gert til þess að gera þátttöku í flokknum meira aðlaðandi.

Norðurlöndin geta nú hvert um sig sent þrjár (3) konur og þrjá (3) menn til keppni í Junior flokki. Auk þess sem tvö stigahæstu Norðurlöndin árið áður geta sent eina konu og einn mann til viðbótar. Hafi keppnisflokkarnir ennþá laus pláss fá hin Norðurlöndin, sem næsta koma í stigaröðinni, leyfi fyrir einu sæti í viðbót koll af kalli.

ÍSS fagnar þessari ákvörðun og verður spennandi að sjá þróun flokksins á næstu árum.



ISU mót

Íslenskir keppendur hafa verið á faraldsfæti síðasta tímabilið. Á eftirfarandi mótum tóku íslenskir skautarar þátt á:

- Lake Placid Figure Skating Championships, einn keppandi í Advanced Novice
- Autumn Classic International, tveir keppendur í Senior
- Golden Bear, tveir keppendur í Junior og tveir keppendur í Advanced Novice
- Tirnavia Ice Cup, einn keppandi í Advanced Novice
- Volvo Cup Open, tveir keppendur í Junior og tveir keppendur í Advanced Novice



ISU Challenger Series

Eva Dögg Sæmundsdóttir og Júlía Grétarsdóttir kepptu fyrir hönd Íslands á Autumn Classic International í Oakville í Kanada.

Mótið er hluti af ISU Challenger series mótaröðinni sem er næst í styrkleikaröð fyrir neðan Grand Prix mótin og reyna skautarar þar að ná góðum úrslitum til að koma til greina á þá mótaröð að ári. Mótin eru samtals tíu og eru haldin um allan heim. Umgjörð er mikil enda margir af bestu skauturum heims að taka þátt og gífurlegur fjöldi áhorfenda á mótinu. Stelpurnar stóðu sig eins og fagmenn og voru íslensku skautafjölskyldunni til sóma. Eva Dögg hafnaði í 21. sæti með 79.87 heildarstig og Júlía í 22. sæti með 79.62 heildarstig. Þær eru nú komnar á heimslista íþróttarinnar, fyrstar íslenskra skautara í fullorðinsflokki



Junior Grand Prix

ÍSS fékk, eins og undanfarin ár, úthlutað tveimur sætum á Junior Grand Prix mótariðinni 2018.

Stjórn ÍSS, í samvinnu við Afreksnefnd valdi tvo skautara sem kepptu fyrir Íslandshönd á JGP 2018.

Fulltrúar Íslands voru:

- Marta María Jóhannsdóttir, SA
- Viktoría Lind Björnsdóttir, SR



Viktoría Lind Björnsdóttir keppti í Bratislava í Slóvakíu. Þetta var í fyrsta sinn sem Viktoría Lind keppti á JGP. Óhætt er að segja að frumraun hennar hafi gengið vel þar sem hún sló öll met íslensks keppanda á JGP sem hún gat slegið. Stigamet í báðum prógrömmum og í heildarstigum.

Fyrir stutta prógrammið fékk hún 35.59 stig og sló þar með met Kristínar Valdísar frá því árið áður. Fyrir frjálsa prógrammið fékk hún 64.82 stig og sló þar með met Júlíu Grétarsdóttur frá árinu 2012. Heildarstig Viktoríu Lindar voru 100.41 stig og sló þar með met Kristínar Valdísar frá því árið áður. Þetta er í fyrsta skiptið sem íslenskur skautari fer yfir 100 stig á JGP. Viktoría endaði í 27. sæti af 33 keppendum. Með Viktoríu Lind í för var María Fortescue, alþjóðadómari, en hún starfaði á dómaraþingunni á mótinu.

Marta María Jóhannsdóttir keppti í Kaunas í Liháen. Þetta er í fyrsta sinn sem Marta María keppti á JGP. Heildarstig Mörtu voru 96.59 stig og endaði hún í 25. sæti af 33 keppendum. Með Mörtu Maríu í för var Halla Björg Sigurpórsdóttir, alþjóðadómari, en hún starfaði á dómaraþingunni á mótinu. Gaman var að heyra hve vel kynntir JGP, Ted Barton, talaði um starf okkar á Íslandi. Það er gríðarlega mikilvægt að stefna sambandsins hefur vakið athygli í skautaheiminum á alþjóðavísu og greiðir leið þeirra sem á eftir koma.



International Children's Games



ÍBA og ÍBR sendu lið til þátttöku á International Children's Games sem fram fóru í Lake Placid í Bandaríkjunum 6. – 11. janúar 2019. Leikarnir eru haldnir undir merkjum Alþjóða Ólympíunefndarinnar og eru keppendur á aldrinum 12 -15 ára. Auk listskauta er keppt í íshökkí, alpagreinum, gönguskiðum, freestyle skiðum, snjóbrettum, skiðaskotfimi, krullu og skautahlaupi. Tveir skautarar fóru frá Akureyri, þær Júlía Rós Viðarsdóttir og Freydís Jóna Jing Bergsveinsdóttir. Frá Reykjavík fóru þrír skautarar, þær Aníta Núr Magnúsdóttir, Herdís Heiða Jing Guðjohnsen og Rebekka Rós Ómarsdóttir. Íþróttabandalögin stóðu að vali þátttakenda á sínum vegum og fór lið fararstjóra og þjálfara á þeirra vegum.

Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar / European Youth Olympic Festival 2019 – EYOF

Dagana 9. – 16. febrúar 2019 fór fram Ólympíuhátíð Evrópsku æskunnar. (EYOF). Á EYOF keppa framtíðaríþróttastjórnur Evrópu og taka fyrstu skref sín á alþjóðlegum vettvangi. Hátíðin gefur

íþróttamönnum forsmekk af Ólympíuleikunum, en á sama tíma er ungt folk hvatt til að iðka íþróttir og leiða heilbrigðan lífsstíl. Margir verðlaunahafar á EYOF hafa síðar á sínum ferli unnið til verðlauna á Ólympíuleikum. Hátíðin fór að þessu sinni fram í Sarajevo og Austur-Sarajevó í Bosníu-Hersegóvínu. Þangað mættu um 4.500 manns, þar af 1.600 íþróttamenn, frá 46 löndum Fulltrúi ÍSS á hátíðinni var Marta María Jóhannsdóttir. Marta María hélt út ásamt 11 öðrum ungum íþróttamönnum í alpagreinum, skiðagöngu og snjóbrettum. Auk þeirra voru þjálfarar keppendanna og fararstjóri frá ÍSÍ, Örvar Ólafsson. Með í för var einnig, María Fortescue, alþjóðadómari, en hún var dregin úr þeim dómurum sem sótt var um þátttöku fyrir. Það er mikill heiður að fá að starfa á svo stóru mót og var íslenska liðið stolt af því að fá dómara til starfa á mótinu. Heildarstig Mörtu á mótinu voru 104.29 stig og hafnaði hún í 21. sæti.



Háskólaleikarnir / Winter Universiade 2019



Universiade eru fjölíþróttaleikar sem eru einungis opnir háskólastúdentum. Keppendur þurfa að vera háskólanemendur frá viðurkenndri menntastofnum og í námi er leiðir að útskrift, diplómanámi eða hliðstæðu. Leikarnir eru settir upp eins og stórleikar sem íslenskir íþróttamenn hafa verið að fara á líkt og EYOF og Ólympíuleikar. Leikarnir eru haldnir annað hvert ár og eru sér sumar- og vetrarleikar. Íþróttamennirnir bjuggu í glæsilegu íþróttarporpi á meðan á leikunum stóð og mættu um 3000 íþróttamenn frá 22 löndum auk fylgdarfólks. Keppt var í 11 íþróttagreinum á leikunum, þar af í öllum greinum listskauta ásamt samhæfðum skautadansi. Eva Dögg var eini keppandinn frá Íslandi í þetta skiptið og er þetta jafnframt í fyrsta skiptið sem íslenskur skautari fer á Háskólaleikana.

Eva Dögg Sæmundsdóttir skautaði stutta prógramið sitt í gær og fékk fyrir 22.32 stig. Í kvennakeppnina voru skráðar 36 konur frá 31 landi og var viðhaft útsláttarfyrikomulag þar sem 24 stigahæstu komust

áfram í frjálsa prógramið líkt og gert er á stóru ISU keppnunum. Stig Evu komu kenni í 32. sætið og dugðu því ekki til að hún fengi að sýna frjálsa prógramið sitt.

Skautari ársins

Skautari ársins var valinn að venju. Sem áður eru listskautar eina íþróttagreinin innan vébanda ÍSS sem ekki getur tilnefnt íþróttafólk af báðum kynjum vegna skorts á karlpeningi.

Að þessu sinni var Eva Dögg Sæmundsdóttir valin skautakona ársins 2018.



Skautadeild Aspar

Tímabilið hefur verið mjög gefandi hjá Öspinni og mikið um að vera, eins og venja er.



Vinadagur 11. mars 2018

Öspin hélt sinn árlega vinadag þann 11. Mars en þá fengu iðkendur að bjóða vinum eða fjölskyldumeðlimum á skauta. Iðkendurnir sáu um að kenna sínum gestum helstu undirstöðuatriðin með aðstoð frá þjálfurum deildarinnar.

Aspasmót 2018

Á Aspasmóti tóku 9 keppendur þátt í levelum 1. og 2 ásamt einu pari í unified. Mótið var innanfélags mót Aspar og því einungi opið Ösp. Mótið fór fram 27. maí 2018.



Jólasýning Aspar og Fjölnis

Annað árið í röð var Ösp boðið að taka þátt í sameiginlegri jólasýningu félaganna. Eins og árið áður var mikil lukka með þetta sameiginlega verkefni og eru viðburðir sem þessir stór liður í því að rjúfa einangrun Asparfélaga. Það er iðkendunum gríðarlega mikilvægt að fá að tilheyra stærra samfélagi og þökkum þau fyrir vinarhug Fjölnis.

Reykjavíkurmót 2019

Í fyrsta sinn var Ösp boðið að taka þátt í millifélagamóti. Boðið kom frá Fjölni, en þeir voru mótshaldarar að þessu sinni. Öspin sendi 7 keppendur til keppni í levelum 1 og 2. Það var heilmikil upplifun að fá að taka þátt með hinum félögunum í Reykjavík og fannst þeim þau hafa fengið viðurkenningu hinna félaganna á tilverurétti þeirra sem fullnaðarfélag innan Reykjavíkur. Við hlökkum til frekara samstarfs.



Vinamót Frosts á Akureyri 2019

Það heyrði enn til tíðinda þegar Öspín fékk boð á Vinamót Frosts á Akureyri nú í mars síðastliðnum. Það var virkilega vel tekið á móti félaginu og keppendum þeirra sem voru sex talsins. Þau kvöddum nýja vini á Akureyri þegar með boð á næsta Vinamót. Öspín ferðaðist með Fjölni og var það fyrirkomulag mikils virði. Að fá að ferðast innanlands í góðum félagsskap leggur enn styrkari stoð innan íþróttarinnar.

Það er þessum hópi einstaklega mikilvægt að fá boð á mót innanlands. Að upplifa það að vera velkomin er góð tilfinning. Með samstilltu átaki eru þessi skref gríðarlega mikilvæg í átt að aukinni samheldni allra sem leggja stund á skautaiþróttina burt séð frá fötlun/sérþarfa. Það er

frábært að vera í hópi sem fagnar fjölbreytileikanum og hvert skref er mikilvægt í átt að íþróttastarfi án aðgreiningar



Stjörnukerfi – alþjóðlegt samstarf

Í maí 2018 prufukeyrðum við nýtt stjörnukerfi í flokkum Special Olympics. Kerfið var unnið af íþróttagreinastjóra Special Olympics á Íslandi með dyggri aðstoð SO dómara ÍSS. Dómarakerfið reyndist mjög vel og ákvað Finnland að prófa kerfið í desember 2018. Skemmst er frá því að segja að Finnland ætlar að taka upp dómarakerfið hjá sér og er það því orðið alþjóðlegt. Bandaríkin hafa einnig sýnt kerfinu áhuga ásamt Danmörku. Það er einstakt fyrir litla Ísland að vera svo framarlega og leiðandi í samstarfi þjóða. Nú eru því spennandi tímar framundan.



Alþjóðleg verkefni

Helga Olsen, yfirþjálfari skautadeildarinnar, fór til Toronto á málþing um Adaptive Skating (AS). Adaptive Skating er þróunarverkefni sem miðar að því að allir einstaklingar óháð fötlun geti tekið þátt í keppni á jafningjagrundvelli. IJS-kerfið er aðlagð að viðmiðum keppnisflokka en auk þess fá keppendur margföldunarstuðul ofan á einkunn sína þar sem tekið er tillit til hversu mikið fötlun/skerðing þeirra hamlar þátttöku þeirra innan íþróttarinnar og er Whole Person Impairment (WPI) nýtt til flokkunar. Skautaíþróttin hefur enn ekki verið tekin undir væng Paralympics þar sem bæði hefur vantað flokkunarkerfi fyrir íþróttamenn og dómaraakerfi. Adaptive Skating ætlar sér í alþjóðlegu samstarfi að vera leiðandi í þróun á hvoru tveggja og nú með stuðningi

ISU. ÍSS á nú einn fulltrúa af fimm mögulegum í alþjóðlegri tækninefnd AS.

Verkefni í þróun

Þjálfarar Aspar eru einstaklega framsýnir og leita allra leiða til þess að koma til móts við ólíkar þarfir félagsmanna. Undanfarin ár hafa þau þróað æfingaprógram sem gerir hverjum og einum kleift að setja sér einstaklingsmarkmið fyrir hverja æfingu allt eftir stöðu sinni í æfingakerfi Special Olympics. Í vetur hófu tveir þjálfarar Aspar að þróa þetta enn frekar með tilliti til þeirra iðkenda sem ekki geta lesið og þurfa myndrænt skipulag. Nú hafa þau því hafist handa við að útbúa myndrænt æfingaskipulag sem auðveldar iðkendum sem þess þarfnast að sjá heildarmynd hvernar æfingar og sjá hvernig æfingunni vindur fram jafnt og þétt. Það er iðkendunum (og flestum börnum) nauðsynlegt að vita hvað gerist næst og að sjá afrakstur vinnu sinnar. Með þessu kerfi getum við tryggt að svo sé fyrir alla.

Fjáröflun

Sumarbingó 13. maí

Skautadeild Aspar hélt veglegt bingó í húsaárinum FB þann 13. maí. Það var margt um manninn og ótrúlega veglegir vinningar sem Asparfélagar og fjölskyldur þeirra söfnuðu.



ÍBR verkefni

Asparfélagar og foreldrar þeirra stóðu vaktina í tveimur hlaupum á vegum ÍBR ásamt hjólreiðakeppni. Verkefni okkar voru af ýmsum toga en þó sérstaklega undirbúningur og uppsetning, brautarvarsla og

frágangur. Með þessum verkefnum getum við tryggt áframhaldandi starfsemi deildarinnar.

Nýr æfingagalli og litur

Á haustmánuðum var farið í að skipta út félagsgalla Aspar og erum við mjög sátt við útkomuna. Það var látið sérsauma skautabuxur fyrir skautadeildina og er félagsgalli Aspar nú svartur og fjólublár.





Að lokum

Síðastliðið ár hafa síðamál verið ofarlega á baugi, bæði innan ÍSS sem og annars staðar innan íþróttahreyfingarinnar og þjóðfélaginu öllu. Síðareglur voru uppfærðar á síðasta tímabili (2016-2018) og var stefnt að því að stofna Síðanefnd innan ÍSS. Eins og staðan er núna hefur slík nefnd ekki verið stofnuð formlega.

Mál sem komið hafa inn á borð ÍSS og stjórnar ÍSS hefur verið vísað í réttan farveg. Flestum málum er vísað beint til viðeigandi félaga en komið geta upp mál sem eru þess eðlis að beina þarf þeim beint til Aganefndar ÍSÍ og jafnvel til ISU. Er það stefna stjórnar að halda áfram utanumhaldi og aðhaldi við þessi málefni og vísa þeim í réttan farveg hverju sinni.

Stjórn ÍSS vill koma á framfæri þakklæti til allra sem komið hafa að vinnu ÍSS síðastliðið ár; Sjálboðaliðar, nefndarmenn, starfsmenn, keppendur, þjálfarar, stjórnir félaga, foreldrar og aðrir aðstandendur hafa hjálpast að við að gera umhverfi íþróttarinnar sem best og heilbrigðast og er það von stjórnar að sú vinna muni halda áfram til enn betri vegar.

Afrekaskrá

Skautasambands Íslands*

Heildarstig			
Advanced Novice	Ár	Árangur	Nafn
	2018	106.07	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
	2017	101.7	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
	2017	86.99	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
	2016	86.49	Marta María Jóhannsdóttir
	2015	81.05	Emilía Rós Ómarsdóttir
	2010	78.39	Júlía Grétarsdóttir
	2009	64.43	Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir
	2008	60.58	Helga Jóhannsdóttir
	2005	55.25	Sigrún Lind Sigurðardóttir
	2005	42.19	Sigrún Lind Sigurðardóttir
Junior Ladies	2019	108.45	Aldís Kara Bergsdóttir
	2018	104.65	Kristín Valdís Örnólfsdóttir
	2018	104.30	Kristín Valdís Örnólfsdóttir
	2015	102.31	Emilía Rós Ómarsdóttir
	2013	97.50	Vala Rún B Magnúsdóttir
	2011	90.65	Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir
	2011	87.13	Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir
	2011	78.19	Júlía Grétarsdóttir
	2005	72.18	Audrey Freyja Clarke
	2005	61.27	Íris Kara Hreiðarsdóttir

Senior Ladies	2018	102.25	Margrét Sól Torfadóttir
	2015	98.34	Júlía Grétarsdóttir
	2012	71.54	Guðbjörg Guttormsdóttir
	2008	69.11	Audrey Freyja Clarke
	2008	66.41	Audrey Freyja Clarke

Stutt Prógram			
Advanced Novice	Ár	Árangur	Nafn
	2018	41.51	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
	2017	36.4	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
	2015	31.81	Marta María Jóhannsdóttir
	2011	31.13	Agnes Dís Brynjarsdóttir
	2010	27.96	Júlía Grétarsdóttir
	2009	24.68	Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir
	2009	23.99	Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir
	2008	21.15	Sunna Hrund Sverrisdóttir
	2005	20.04	Sigrún Lind Sigurðardóttir
Junior Ladies	2018	40.18	Kristín Valdís Örnólfsdóttir
	2016	38.91	Emilía Rós Ómarsdóttir
	2015	36.61	Kristín Valdís Örnólfsdóttir
	2014	36.24	Vala Rún B Magnúsdóttir
	2011	34.81	Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir
	2011	28.36	Júlía Grétarsdóttir
	2005	25.25	Audrey Freyja Clarke

Senior Ladies	2016	35.42	Júlía Grétarsdóttir
	2015	33.3	Júlía Grétarsdóttir
	2015	30.94	Júlía Grétarsdóttir
	2013	27.36	Guðbjörg Guttormsdóttir
	2012	24.08	Guðbjörg Guttormsdóttir
	2008	23.75	Audrey Freyja Clarke
	2008	22.97	Audrey Freyja Clarke

Frjálst Prógram			
Advanced Novice	Ár	Árangur	Nafn
	2017	65.3	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
	2017	58.5	Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
	2016	54.68	Marta María Jóhannsdóttir
	2015	50.4	Emilía Rós Ómarsdóttir
	2014	46.77	Marta María Jóhannsdóttir
	2012	46.45	Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir
	2010	46.43	Júlía Grétarsdóttir
	2009	40.44	Heiðbjört Arney Höskuldsóttir
	2005	35.2	Sigrún Lind Sigurðardóttir
Junior Ladies	2019	72.12	Aldís Kara Bergsdóttir
	2015	67.1	Emilía Rós Ómarsdóttir
	2014	64.49	Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir
	2013	64.05	Vala Rún B Magnúsdóttir
	2012	60.18	Júlía Grétarsdóttir
	2011	52.56	Heiðbjört Arney Höskuldsóttir
	2011	49.83	Júlía Grétarsdóttir
	2005	46.93	Audrey Freyja Clarke

Senior Ladies	2018	68.71		Margrét Sól Torfadóttir
	2015	67.4		Júlía Grétarsdóttir
	2013	52.39		Guðbjörg Guttormsdóttir
	2012	47.46		Guðbjörg Guttormsdóttir
	2008	45.44		Audrey Freyja Clarke

*Um er að ræða árangur frá því að Alþjóðlega dómgæslukerfi ISU (IJS) var tekið til notkunar á Íslandi.
Eldri afrekaskrá er í vinnslu innan ÍSS

Heiðursverðlaun ÍSS

Skautasamband Íslands heldur nú Skautaþing í 20. sinn. Af því tilefni var samþykkt ný reglugerð um Heiðursveðlaun og Heiðursmerki ÍSS. Skautasambands Íslands veitir því í ár í fyrsta sinn Heiðursverðlaun ÍSS.

Stjórn veitir hér með Elísabet Eyjólfsdóttur Silfurmerki ÍSS.

Merkið er veitt þeim sem hafa unnið ötult og óeigingjarnt starf í þágu skautaíþróttarinnar á Íslandi til 10 ára eða lengur.

Skautasamband Íslands (ÍSS) var stofnað árið 1995 og var í upphafi skipt upp í hlaupadeild og hokkídeild. Hlaupadeild Skautasambandsins hafði yfirumsjón með listskautum, auk þess sem gert var ráð fyrir að skautahlaup félli undir þá deild líka. Í nóvember 2004 átti sér stað aðskilnaður með stofnun Íshokkísambands Íslands. Þær greinar sem áður féllu undir listhlaupadeild tilheyrðu Skautasambandinu áfram en íshokkí fluttist yfir til hins nýja landssambands.

Elísabet var kjörin formaður listhlaupadeildar Skautasambandsins árið 1997 og sinnti því starfi fram að aðskilnaði deildanna. Við aðskilnaðinn var Elísabet kjörin formaður Skautasambands Íslands, og er hún því fyrsti formaður sjálfstæðs sambands. Elísabet var formaður ÍSS þangað til árið 2004, samtals í 7 ár.

Undir handleiðslu Elísabetar sótti ÍSS um aðild að Alþjóða skautasambandinu (ISU). Í febrúar árið 200 fékk ÍSS tímabundna aðild að ISU og árið 2002 fékkst fullgild aðild að ISU.

Frá þessum tíma hafa orðið miklar framfarir í listskautum á Íslandi og mikið uppbyggingarstarf átt sér stað. Með aðild að ISU hafa einnig opnast tækifæri til þátttöku erlendis sem áður voru ekki möguleg.


Á starfsárum Elísabetar var unnið mikið að framförum íþróttarinnar og gerður grunnur að verkefnum sem enn eru í vinnslu. Má þar meðal annar nefna Grunnpróf ÍSS og menntun dómara og tæknifólks.

Eftir að Elísabet hætti sem formaður ÍSS hélt hún vinnu sinni fyrir sambandið áfram. Hún sá til að mynda um allt bókhaldið all fram til ársins 2012. Grásrótin í ungum félögum á uppleið er gríðarlega mikilvæg og sýndi Elísabet það í verki með því að leggja grunn að sterku sambandi.

Elísabet er vel að þessari viðurkenningu komin og óskar stjórn ÍSS henni innilega til hamingju um leið og við þökkum henni fyrir störf sín í gegnum tíðina.

Tölfræði

Fjöldi iðkenda síðan 2003



Ársreikningur 2018

Skýrsla og áritun stjórnar

Ársreikningur Skautasambands Íslands (ÍSS) er í samræmi við lög um ársreikninga. Vegna ábendinga frá síðasta skautapingi var ákveðið að fara gagnert í breytingar á bókhaldi þar sem ákveðið var að taka upp annað bókhaldskerfi til að halda betur utan um reikningagerð og lánardrottnabókhald. Því má finna þónokkra breytingu á framsetningu ársreiknings síðan á síðasta ári auk skýringa og frekari sundurliðunar á tekju- og gjaldaliðum.

Ársreikningar síðustu tveggja ára eru nokkuð ólíkir milli ára vegna nokkurra atriði. Aðalmunur á milli mótatekna milli ára er vegna Norðurlandamóts sem sambandið hélt á árinu 2017. Einnig er nokkuð misræmi á milli styrkja en á árinu 2018 eru styrkir bókaðir á því ári sem þeir tilheyra þrátt fyrir að lokagreiðslur séu greiddar út í upphafi nýs árs þ.e.a.s. 2019. Á árinu 2017 og árin þar á voru styrkir bókaðir á því ári sem þeir voru greiddir út. Með þessari breytingu fæst vonandi betri yfirsýn yfir málaflokka t.d. Afrekssjóð. Einnig hækkaði framlag úr Afrekssjóði um meira en helming vegna breyttra úthlutunarreglna sjóðsins.

Töluverður munur er á greiðslu til keppenda úr afrekssjóði en vegna breyttra framlaga úr Afrekssjóði ÍSÍ var ákveðið fyrr á árinu að stofna Afrekssjóð ÍSS og greiða út úr honum einu sinni á ári í lok hvers keppnistímabils. Fyrsta úthlutun mun því verða í maí næstkomandi.

Sigríður María Fortescue er áfram starfandi framkvæmdastjóri í 30% stöðugildi og Svava Hróðný Jónsdóttir varaformaður sinnir stöðu verkefnastjóra í 30% stöðugildi. Þær eru að sinna mun meira en greiddu starfshlutfalli sem þarf að fara gagnert í saumana á.

Framkvæmdastjóri náði í gegn samningi við City Park Hótel sem hefur breytt umtalsvert vinnu við skipulagningu á mótum. Haldið verður áfram þeirri vinnu að afla frekari styrkja í formi fjármagns eða í öðru formi.

Staða Skautasambandsins hefur breyst töluvert undanfarin ár og er ljóst að starfsemin er hægt að styrkja enn frekar sem og fara í mun markvissari vinnu í afreksmálum til að uppfylla enn betur skilyrði og kröfur sem gerðar eru til sambandsins í þeim málum.

Stjórn Skautasamband Íslands staðfestir hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2018.

Rekstrarreikningur 2018

Rekstrartekjur	Skýr.	2018	2017
Félög og iðkendur	3	6.476.677	17.725.627
Styrkir	4	14.162.952	12.639.896
Aðrar tekjur	5	434.250	516.963
Rekstrartekjur alls		<u>21.073.879</u>	<u>30.882.486</u>
Rekstrargjöld			
Mót og Grunnpróf	6	5.757.120	8.862.362
Afreksmál	7	6.525.988	12.727.817
Námskeið og fyrirlestar	8	639.038	937.721
Laun og launatengd gjöld	9	5.408.055	4.870.102
Annar rekstrarkostnaður	10	1.978.657	1.367.339
Rekstrargjöld alls		<u>20.308.858</u>	<u>28.765.341</u>
Afkoma án fjármagnsliða		765.021	2.117.145
Fjármuna og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur og verðbætur		9.225	23.505
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(52.799)	0
		<u>42.574</u>	<u>23.505</u>
Afkoma ársins		<u><u>722.447</u></u>	<u><u>2.140.650</u></u>

Efnahagsreikningur

31. desember 2019

	Skýr.	2018	2017
Eignir:			
Veltufjármunir:			
Skammtímakröfur		1.642.343	69.366
Handbært fé		4.835.459	6.130.253
Eignir samtals		6.477.802	6.199.619
Skuldir og eigið fé:			
Eigið fé:			
Eigið fé 1.1.		5.299.646	3.158.996
Afkoma ársins		722.447	2.140.650
Eigið fé alls		6.022.093	5.299.646
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		245.511	616.139
Aðrar skammtímaskuldir		210.198	283.834
Skuldir alls		455.709	899.973
Skuldir og eigið fé samtals		6.477.802	6.199.619

Skýringar

1. Upplýsingar um Skautasamband Íslands

Skautasamband Íslands er samband íþróttafélaga. Sambandið er æðsti aðili um öll skautamál er varðar listskauta og/eða skautahlaup innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands. Er sambandið aðili að Alþjóðaskautasambandinu (ISU) og jafnframt fulltrúi þess hér á landi. Lögheimili sambandsins er að Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna:

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórn sambandsins hefur metið rekstrarhæfi þess og telja að sambandið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir:

Stjórn þarf að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Viðskiptakröfur:

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að fráreginni niðurfærslu, ef um hana er að ræða, til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast.

Handbært fé:

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

Viðskiptaskuldir:

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði.

Tekjur:

Tekjur eru að jafnaði færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til sambandsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Félög og iðkendur

	2018	2017
Iðkenda- og aðildafélagstekjur	962.500	136.750
Mótatekjur	4.272.032	17.133.282
Grunnpróf	327.700	94.600
Greiðslur v/landslíðsverkefna	626.445	360.995
Greiðslur v/æfingabúða	225.000	0
Námskeið og fyrirlestrar	63.000	0
Félög og iðkendur alls:	<u>6.476.677</u>	<u>17.725.627</u>

4. Styrkir

	2018	2017
ISU styrkur	2.635.000	2.590.250
Aftekssjóður ÍSÍ	1.550.000	2.302.610
Lottótekjur	3.486.553	3.315.073
Útbreiðslustyrkur	2.841.399	2.531.963
Ríkisstyrkur	3.650.000	1.900.000
Styrkir alls:	<u>14.162.952</u>	<u>12.639.896</u>

5. **Aðrar tekjur** eru bókaðir styrktarsamningur City Park Hótel sem og annað tilfallandi.

6. Mót og grunnpróf

	2018	2017
Dómgæsla	1.739.320	1.620.445
Kostnaður v/dómgæslu	3.463.265	4.295.793
Verðlaunakostnaður	152.390	168.094
Kostnaður v/streymis_útsendinga	373.200	0
Annar kostnaður móta	348.950	2.778.030
Leiðréttur kostnaður v/eldri ára	(320.005)	
Mót og grunnpróf alls:	<u>5.757.120</u>	<u>8.862.362</u>

7. Afreksmál

	2018	2017
Kostnaður v/landliðsráðgjafar	802.351	0
Kostnaður v/fagteymis	192.750	0
Kostnaður v/alþjóðlegra móta	5.018.422	11.895.727
Kostnaður v/landliðsfatnaðar	122.564	343.590
Kostnaður v/æfingabúða	357.901	0
Kostnaður v/mannvirkja	12.000	0
Greiðslur úr Afrekssjóði ÍSS	20.000	488.500
Afreksmál alls:	<u>6.525.988</u>	<u>12.727.817</u>

8. Námskeið og fyrirlestrar

	2018	2017
Kennsla og gögn v/námskeiða	113.799	435.838
Kostnaður v/námskeiða	224.299	501.883
Þróunarverkefni_önnur ráðgjöf	300.940	0
Námskeið og fyrirlestrar alls:	<u>639.038</u>	<u>937.721</u>

9. Laun og launatengd gjöld

	2018	2017
Laun	4.784.700	4.097.008
Tryggingagjald	346.128	309.525
Lífeyrissjóðsframlag og félagsgjöld	273.227	463.569
Kaffikostnaður	4.000	0
Laun og launatengd gjöld alls:	<u>5.408.055</u>	<u>4.870.102</u>

10. Annar rekstrarkostnaður

	2018	2017
Húsnæðiskostnaður:		
Öryggisgæsla	10.825	0
Húsaleiga	581.064	563.940
	591.889	563.940
Rekstur áhalda og tækja:		
Viðhald tækjabúnaðar (v/móta)	49.992	0
Vátryggingar	19.853	20.166
	69.845	20.166
Aðkeyptur akstur og rekstur bifreiða:		
Bensín og olíur	18.000	0
	18.000	0
Skrifstofukostnaður:		
Sími & Internet	(2.068)	0
Pappír, prentun og ritföng	124.993	310.781
Rekstur tölvukerfis	262.369	312.913
	385.294	623.694
Stjórnun og umsýsla:		
Funda- og viðskiptakostnaður	0	43.750
Félags- og aðildargjöld	30.924	30.492
Ráðstefnur	686.693	(9.346)
Auglýsingar	97.549	14.362
Gjafir og styrkir	0	5.736
Þjónustugjöld og fit kostnaður	98.463	74.545
	913.629	159.539
Annar rekstrarkostnaður alls:	1.978.657	1.367.339

Ársskýrsla Skautasambands Íslands 2018 – 2019

Unnin af skrifstofu ÍSS